

4

4. gr.

21. jan.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, að minnsta kosti  $\frac{1}{4}$  ársvaxta skal lagður við höfuðstólinn. Hinum hluta vaxtanna skal sjóðstjórnin útbýta til verðugra og fátækra heilsuveilla þjónustukvenna í Reykjavík, 60 ára eða eldri, helzt með 100 eða 200 króna upphæðum á ári og þannig, að sami styrkþegi haldi áfram að fá styrk á meðan ástæður hennar eru óbreyttar.

5. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Kaupmannahöfn, 26. nóvbr. 1930.

Sem skiptaforstjóri  
Jón Krabbe.

5

## S A M Þ Y K K T

22. jan.

fyrir

Fiskiræktarfélagið Rangá.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélagið Rangá.

Heimili þess og varnarþing<sup>o</sup> fellur saman við heimili og varnarþing formanns félagsins á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Félagssvæðið eru allar jarðir, er liggja að Hólsá, Rangá ytri upp að Árbæjarfossi og við Hróarslæk, og allar jarðir, er liggja að Rangá eystri upp að Tungufossi, að meðtöldum jörðum við Stokkalæk og Fiská upp að Skútufossi.

3. gr.

Verkefni félagsins er að koma á laxveiði í nefndum ám (Rangánum) og auka fiskmagn þeirra með klaki, friðun og eyðingu sels og annars veiðivargs, svo og setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferð, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa.

4. gr.

Félagið skiptist í 4 deildir, er heita: Þykkvabæjar- og Ásahreppsdeild, Vestur-Landeyja- og Bakkabæjadeild, Rangárvalladeild, Hvollhreppsdeild, eftir því hverju svæði þær jarðir tilheyra, er veiðiréttur fylgir.

## 5. gr.

5

22. jan.

Stjórnina skipa fimm menn, formaður, sérstaklega kosinn einhversstaðar af félagssvæðinu, og fjórir meðstjórnendur, einn úr hverri deild. Stjórnin öll skal kosin á aðalfundi til þriggja ára. Meðstjórnendur hafa það hlutverk, framar öðru að vaka yfir því, hver í sinni deild, að friðunar- og veiðireglur félagsins séu haldnar, en skipta að öðru leyti með sér verkum.

Meðstjórnendur ganga þannig úr stjórninni fyrstu árin: Einn eftir eitt ár, en tveir eftir tvö ár, eftir hlutkesti.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu, ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan stjórnarkosningu, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

## 6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til aukafunda og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin með höndum framkvæmd og umsjón hennar.

## 7. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Skal hann boðaður félagsmönnum skriflega, með þriggja vikna fyrirvara.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga hins liðna starfsárs, til úrskurðar fundarins, og skýrir frá störfum félagsins á því ári.

Þá tekur og aðalfundur ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári, svo sem ákvarðanir um klak, friðun og eyðingu vargs, og semur og samþykkir áætlun í því sambandi.

Ber stjórninni í greindum efnum áður að hafa leitað álits sérfræðings. Allar slíkar ákvarðanir fundarins skulu bókaðar og gilda til næsta árs.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur reikninga og ákveður þóknun til þeirra, ef ástæða þykir til.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykktum og félagsslit sé að ræða.

## 8. gr.

Semja skal skrá, sem sýni hundraðshluta þann af stofnkostnaði og árs-kostnaði, er hver félagsmaður á að greiða, samkvæmt lögum um fiskiræktar-félög nr. 6, 14. júní 1929.

## 9. gr.

Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

Á samþykkt og gjaldskrá skal leita staðfestingar stjórnarráðsins.

## 5

22. jan.

10. gr.  
Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar ásamt tilgreindu fundarefni.

## 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 12. gr.

Árgjöld félagsmanna greiðast samkvæmt löggiltri gjaldskrá. Gjaldskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

## 13. gr.

Gjalddagi tillaganna er 15. júlí og má taka þau lögtaki.

## 14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur kveður svo á.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lög-  
reglumál.

## 15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

## 16. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap, og er það heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja niður félagið með tveim þriðju —  $\frac{2}{3}$  atkvæðum félagsmanna. Skuldum eða eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Framanskráð samþykkt er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929 um fiskiræktarfélög, til þess að öðlast gildi 1. febrúar þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

\_\_\_\_\_  
*Vígfús Einarsson.*